

Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á mótí, að síra Þorsteini Einarssyni sé veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þetta ómak sitt, frá 1. aprílmán. 1868, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað í dag um að borga upphæð þessa úr jarðabókarsjóðnum.

1868.

11. janúar.

3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kirkjugjöldin í Víðihóls sókn.

14. janúar.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í bréfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsettu 18. septembermán. f. á., hefir hans hátign þóknast samkvæmt þegnlegum uppástungum stjórnarráðsins 3. þ. m. að fallast á, að frá því að Skinnastaða prestakall næst verður laust megi allar lögboðnar kirkjutekjur af bæjunum í Víðihóls sókn og frá ábúendum þeirra renna til Víðihóls kirkju í stað Skinnastaða kirkju, en að Skinnastaða kirkja aptur frá sama tíma skuli verða laus við skuldbindingu þá, sem á hana er lögð í konungsrúskurði 24. októbermán. 1859 3. lið¹.

Þetta skal yður hér með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það.

4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á jörðinni Grímstungu.

14. janúar.

Með bréfi dagsettu 17. septembermán. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarnar

¹) sjá bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 24. desbr. 1859, Stjórn. tíð. I, 321—322.